



Jóhann Adólfsson í brúnni á Þorláki.

„Það þýðir ekki annað en vera bjartsýnn“

Nú fer í hönd slagur sá sem nefnist vertíð. Í tilefni þess fannst okkur upplagt að rölta niður að höfn og sjá hvort ekki væri kominn hugur í menn á þeim slóðum. Það reyndist rétt því hvarvetna voru menn að dytta að skipum sínum og gera þau klár til átaka. Það er mikið verk því skip er flókin smíð og margt smálegt sem þarf að aðgæta. Á einum bát voru menn að laga bómu, á öðrum að setja björgunarbáta á sinn stað — ekki má örygginu vera ábótavant, — á þeim þriðja að koma veiðarfærunum fyrir og svo mætti endalaust telja. Voru menn svo uppteknir að varla var þorandi að trufla þá.

Við hertum þó upp hugann og réðumst á einn sem var eitthvað að eiga við tækjabúnað í brúnni. Þetta var í bátum Þorláki frá Þorlákshöfn sem lá við Ægisgarð aftan við Gullfoss. Sá sem við töluðum við reyndist vera skipstjórinn og heitir Jóhann Adólfsson.

Hann kvað vertíðina bara leggjast vel í sig. „Það þýðir ekki annað en að vera bjartsýnn“. Þeir ætluðu að vera á netum og athafnasvæðið verður á Selvogsbankanum og í kringum Eyjar. Jóhann sagðist vera guðsfeGINN að komast af stað því þeir hefðu verið stöpp allan desembermánuð í slipp.

Þorlákur er 105 tónna bátur,

ársgamall og kvað Jóhann þetta vera öndvegisskip. Hann sagði að síðasta ár hefði verið samilegt — vetrarvertíðin léleg að visu en sumarið hefði bætt það upp.

Við spurðum Jóhann um landhelgismálið og hvernig honum fyndist Landhelgisgæzlan hafa staðið sig. Hann gaut augnum yfir að Ingólfsgarði þar sem líta mátti þrjú varðskip, Þór, Ægi og Albert og sagði að sér fyndust þau nú einum of mikið í höfn. „Þeir mættu nú fara að taka einhvern Bretann svona til tilbreytingar“. Hann var samt ekki hræddur við að þeir á Þorláki yrðu fyrir neinum truflunum af völdum landhelgisbrjóta. „Þeir halda sig á öðrum slóðum en við“.

Að svo mæltu kvöddum við — vildum ekki verða til þess að þeir tefðust meir en orðið er.



Það var þröngt á þingi vestur á Granda.